

21. september 1979.

799

Nr. 413.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálpi í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. september 1979.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*

11. október 1979.

Nr. 414.

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 372 25. október 1976  
um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berkla sjúklinga.

1. gr.

1. másl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er kr. 14 400, en endurnýjunarverð í hverjum flokki kr. 1 200.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 32 5. maí 1969 og lög nr. 52 25. maí 1976, öðlast gildi 1. janúar 1980. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 396 2. nóvember 1978.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. október 1979.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

11. október 1979.

Nr. 415.

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 2 11. janúar 1979 um nýbyggingargjald.

1. gr.

Við 1. málsgrein reglugerðarinnar bætist nýr töluliður er verði 3. töluliður og orðist svo:

Byggingar sem ætlaðar eru til hreinlætisaðstöðu fyrir ferðamenn á tjaldstæðum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 117/1978, öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 11. október 1979.*

**Tómas Árnason.**

*Höskuldur Jónsson.*